

1. september 2005

Samkeppniseftirlitið
Rauðarárstíg 10
105 Reykjavík

Efni: *Misnotkun á markaðsráðandi stöðu og samtvinnun Internetsþjónustu og sjónvarpsþjónustu hjá Og fjarskiptum hf.*

Kvartað er vegna:

Í auglýsingu sem birt er á baksíðu Fréttablaðsins þann 25. ágúst 2005 og í dag er viðskiptavinum fyrirtækisins OG fjarskipta hf (OGF), sem starfar undir nafninu Og vodafone boðin **áskrift að sjónvarpsstöðinni Sýn** endurgjaldslaust í 3 mánuði og eftir það á kr. 1.990 á mánuði. Skilyrði fyrir kaupum á þessari þjónustu með þessum kjörum er að viðkomandi kaupi einnig þjónustupakkann **Og1** sem inniheldur m.a. **Internetáskrift yfir ADSL**.

Með vísan til meintra lögbrot:

Stjórn Inter telur að áskriftarboðið feli í sér bæði **skaðlega undirverðlagningu** og **samtvinnun** og þar sem stjórn INTER telur einnig að OGF falli undir skilgreiningu á markaðsráðandi fyrirtæki, bæði á sviði ljósvakamiðla og einnig á sviði fjarskipta og Internetþjónustu sé einnig **um misnotkun á markaðsráðandi stöðu** að ræða.

Vegna fordæmisgildis er þess óskað að Samkeppniseftirlitið geri á því sérstaka athugun hvort OGF, fyrirtækjasamstæðan 365 eða aðrir hlutar hennar teljist vera markaðsráðandi aðili í þeim skilningi sem hér á við, við mat á því hvort samkeppnislög hafi verið brotin.

Augljóst er að OGF gerir það að skilyrði að viðskiptavinir kaupi fyrst ADSL-þjónustu, þ.e. bæði ADSL-línu og ADSL-netþjónustu sem hluta af Og1 þjónustupakkanum, áður en þeim býðst áskrift að sjónvarpsdagskrá Sýnar með verulegum og umtalsverðum afslætti og að þetta er gert í því skyni að vinna aukna markaðshlutdeild í öllum markaðspáttunum.

Minnt er á að skv. skilgreiningu fjarskiptamarkaða á evrópska efnahagssvæðinu eru markaðir fyrir ADL-línu og ADSL-netþjónustu skilgreindir sem aðgreindir markaðir og aðilar að INTER selja m.a. ADSL-netþjónustu og hafa því af því lögvarða hagsmuni að þessum mörkuðum sé ekki steipt saman og seldir saman í pakka án þess að fram komi verð fyrir hvern þjónustupátt. Slíkt er að mati stjórnar INTER samtvinnun (*e. bundling*) á milli skýrt silgreindra markaða. Samtvinnunina telur stjórn INTER ólöglega í EES-markaðsumhverfinu. Óskað er eftir því að OGF verði gefin bein fyrirmæli um að fyrirtækinu sé bannað að stunda samtvinnun þvert yfir skilgreinda markaði.

Stjórn INTER telur að hið meinta brot falli undir e-lið 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 þar sem segir:

Allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað eru bannaðar.

Bann þetta tekur m.a. til samninga, samþykka og samstilltra aðgerða sem:

[...]

e.

setja sem skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

Einnig að brotið sé gegn d-lið 11. gr. samkeppnislaga þar sem segir:

Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu er bönnuð.

Misnotkun skv. 1. mgr. getur m.a. falist í því að:

d.

sett sé það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

Jafnframt er bent á að skv. 86 gr. Rómarsáttmálans (54. gr. EES-samningsins) hvílir sú skylda á markaðsráðandi fjarskiptafyrirtækjum að raska ekki samkeppni með aðgerðum sínum.

Að lokum vill stjórn INTER benda á að komist samkeppnisráð að þeirri niðurstöðu að OGF hafi gerst sekt um meint brot, að samkeppnisráð hefur þá í hendi sér að OGF verði svipt þeim ávinningi sem það ávann sér vegna brotsins. Það getur samkeppnisráð með því að gefa þau fyrirmæli að allir þeir viðskiptavinir sem séu í viðskiptum á grundvelli þess að þeir hafi tekið hinu ólöglega tilboði skuli leystir frá viðskiptunum og einnig að OGF og LS sé óheimilt að eiga við þá viðskipti um ADSL-netþjónustu t.d. í eitt ár. Einnig verði beitt stjórnarsýslusektum eftir því sem samkeppnisráð telur við eiga.

f.h. INTER, Samtaka aðila er veita Internetþjónustu

Björn Davíðsson, ritari.

Netfang INTER: stjorn@isp.is